



23.1.2009

FUNDARGERÐ

Símafundur settur kl.11.16 Mættir: Jóhann Moravék formaður, Martin Markvoll gjaldkeri, Einar Jónsson ritari

1. Könnun	SÍSL er enn að reyna að afla gagna til að fá yfirsýn yfir stöðu lúðrasveitanna í landinu. Þess vegna skal senda könnun til allra hljómsveita í landinu sem fyllt verður út af félagsmönnum.	Jóhann formaður sendir
2. Landsmót	<p>Staðan með landsmót.</p> <p>-Eggert Björgvinsson sagði í samtali við formann að allt sé klappað og klárt varðandi húsnæði sem er bókað. Gott samstarf sé við Kristínu menningarfulltrúa sem býðst til að setja inn aukaferð fyrir Herjólf til að frakta landsmótsgesti.</p> <p>-Stjórn ákveður að setja í gang útsetningarvinnu fyrir pakka sem afhentur verður á Landsmóti</p> <p>-Ákveðið að stefnt verði að því að hafa íslenska stjórnendur á AB landsmóti í Vestmannaeyjum á meðan staða íslensku krónunnar er eins og hún er.</p> <p>-Leita eftir hugmyndum um stjórnendur frá félagsmönnum í SÍSL. Fyrirspurn send um leið og upplýsingabréf í tölvupósti til allra</p> <p>-Senda tilkynningu um dagsetningar, staðsetningu og þess háttar með tölvupósti til allra.</p>	<p>Jóhann formaður Stjórn</p> <p>Jóhann formaður</p> <p>Jóhann formaður</p>
3. Nótna-safn/-sala	Nokkuð hefur borið á áhuga “utanaðkomandi” á nótnasafninu. Samkvæmt upplýsingum frá félagsmönnum/útsetjurum er SÍSL ekki heimilt að selja útgefnar útsetningar út fyrir samtökin þó hagræðing væri af því fyrir marga, t.d. hljómsveitir í SÍL. Kanna þarf hvor þessu megi breyta. Tala við útsetjara.	Jóhann formaður
4. Aðalfundur	Stefnt er að því að boða til aðalfundar SÍSL sem fyrst. Ætlum að skoða hvort 17.apríl 2009 gangi.	Jóhann ath.
5.Gagnagrunnur	Einar stingur upp á að gagnagrunnur SÍSL geti verið á netinu til að breytingar sem einn stjórnar meðlimur skili sér til allra og aðeins einn grunnur verði til staðar sem heldur utan um allt, nótur, upplýsingar um hljómsveitir, fjárhag, greiðslur o.s.fv	Martin ath.
6. Beiðni um yfirlit fjármála SÍSL	Jóhann biður gjaldkera um yfirlit yfir fjárhag, stöðu, nótnagreiðslu, félagsgjöld á næsta fundi.	Martin
7. Innsendur póstur	Fyrirspurn/áskorun barst í pósti frá Davíð Þór Jónssyni um að SÍSL hveti félagi til að mæta á laugardögum í mótmæli á Austuvelli. Því var svarað á þann veg að flestallir félagar í SÍSL væru börn og ekki forsvaranlegt að setja á þau þessa byrði. Í þessu sambandi var bent í SÍL þar sem flestir eru fullorðnir.	Jóhann

Næsti fundur fjallar um fyrirkomulag landsmóts 2009 í Vestmannaeyjum.

12.10 Fundi slitið (Sign) Einar Jónsson, ritari.



6. mars 2009

FUNDARGERÐ SÍMAFUNDAR

Mættir: Jóhann Morávek formaður, Martin Markvoll gjaldkeri, Einar Jónsson ritari
Fundur settur 10.40

1.Breytingar á stjórn í vændum	Martin tilkynnir að hann flytji frá Íslandi í sumar	Fá varamann í stjórn sem fyrst. Etv. Kjósa 4.varamann
2.Landsmót í Vestmannaeyjum	Æskilegt væri að fara í skoðunarferð til Vestmannaeyja. Það er þó ekki auðvelt fyrir Jóhann sem býr í Höfn vegna samgöngumála. Formlegt boð á Landsmót þarf að senda.	Jóhann gerir það.
3.Aðalfundur	Boða þarf formlega á aðalfund samtakanna 17.apríl.2009 Bóka húsnæði og kaffi.	Jóhann gerir það gegnum tölvupóst af heimasíðu. Einar sér um það

Fundi slitið kl.11

(Sign) Einar Jónsson, ritari



17. apríl 2009

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 17. APRÍL 2009

STAÐSETNING: HÓTEL LIND, RAUÐARÁRSTÍG

Formaður Jóhann Morávek var jafnframt fundarstjóri. Fundarritari var samþykktur Snorri Heimisson (sem var á staðnum með tónlistaratriði)

Mættir: Jóhann Morávek formaður, Martin Markvoll gjaldkeri, Einar Jónsson ritari, Daði Þór Einarsson varamaður í stjórn, Lárus Grímsson varamaður í stjórn, Karen Sturlaugsson, Vilborg Jónsdóttir, Margrét Sigurbjörnsdóttir, Vigdís Klara Aradóttir, Halldór Lárusson, Kári Einarsson, Eggert Björgvinsson, Jóhann Björn Ævarsson.

Forföll boðuðu: Edward Frederiksen, Össur Geirsson

<p>1.Skýrsla stjórnar</p>	<p>Skýrsla kemur hér á eftir:</p> <p>Eftir að aðalfundi lauk 11 apríl settist nýkjörin stjórn niður og skipti með sér verkum. Jóhann Morávek var settur formaður, Einar Jónsson ritari og Martin Markvoll gjaldkeri.</p> <p>Helstu áhugamál nýkjörinnar stjórnar var að efla samtökin og koma upp heimasíðu. Einnig lágu fyrir óskir um endurskoðun laga, útgáfa á jólalögum og að sjálfsgöðu næstu landsmót. Gengið var strax til verka með heimasíðuna og opnaði hún í október. Hafa um 2500 heimsóknir verið síðan. Hún hefur verið ágætlega notuð en betur má ef duga skal. En af helstu nýjungum síðunnar eru nótnaútgáfan sem þangað er komin og aðgengileg öllum þeim sem hafa keypt síðasta nótnapakka.</p> <p>SÍSL gaf út 13 laga jólanótnapakka sem Martin Markvoll útsetti í 5 radda úts. svokallaðri flexi útsetningar.</p> <p>Undan farin ár hefur heldur fækkað af og í lúðrasveitum á landinu. Ákvað stjórnin að skoða þau mál og hringja út um land og kanna ástandið sérstaklega þar sem hafa verið sveitir og einnig frá öllum tónlistarskólum almennt þar sem fyrirkomulag landsmótanna býður nú uppá að taka á mótí blásurum sem ekki hafa kost á að spila með hljómsveitum. Því miður hafa þær hringingar ekki borið tilætlaðan árangur þar sem illa hefur gengið að ná í suma skóla, menn hafa haft áhuga enn ekki fylgt eftir, eða bara hreinlega hafnað samstarfi við SÍSL. Þó hafa sumir sýnt áhuga. Við fundum í förum samtakanna heilmikla könnun sem einhverjir hafa útbúið og núverandi stjórn endurskoðaði og stytta, sendum út til þeirra aðila sem nú þegar eru skráðir. Þrátt fyrir ítrekaða beiðni þá eru ekki nema 9 sveitir sem hafa skilað inn þessari könnun. Hugmyndin með þessari könnun var að kortleggja stöðu samtakanna eins og hún er í dag, og að geta búið til gagnagrunn, en það var ein hugmynd stjórnar að samtökin ættu að fara út í. Einnig hafði stjórnin áhuga á að skoða möguleikann á því að ráða framkvæmdastjóra fyrir samtökin. Kostnað, starfsvettvang o.fl. en eftir hrúnið s.l. haust var ákveðið að salta þessa hugmynd, þó að formaður héldi áfram að skoða þennan möguleika. Einnig hefur komið fram ósk frá SÍL að efla samvinnuna og sameinast heimasíðunni. (Berum við fram þá ósk undir fundinn í öðrum málum.)</p>	
---------------------------	--	--

	<p>Formaður SÍL Lárus Grímsson sem einnig er í varastjórn SÍSL fór á tvo NOMU fundi. Fyrri stjórn lagði reyndar til að við skoðuðum samstarf við aðra aðila. Núverandi stjórn vildi frekar gefa NOMU tækifæri og sjá hvort samtökin næðu sér ekki á strik.</p> <p>Haldnir voru 10 fundir á starfsárinu þ.a. einn með varamönnum. Flestir fundirnir fóru fram í gegnum síma en 2 fundir voru haldnir þar sem stjórnin hittist. Einnig var mikið um óformlega fundi þar sem 2 úr stjórninni hittust og eða voru í símasambandi. Vissulega eru ákveðnir annmarkar að hafa stjórnina svona tvístraða, það tók okkur tíma að átta okkur á vinnubrögðum o.þ.h. en þetta ætti ekki að koma í veg fyrir að stjórnina skipaði fólk víðsvegar að..</p> <p>Stjórnin ákvað að hafa AB landsmóti í Vestmannaeyjum 9.-11. október n.k. og 12.-14. febrúar 2010 fyrir CD sveitir í Mosfellsbæ Undirbúningur er skammt kominn fyrir þessi mót og teljum við það verkefni næstu stjórnar að klára það dæmi. En þess ber að geta að undirbúningur er þ.a.m. í höndum stjórnenda lúðrasveitanna á staðnum og vitum við að þeir eru lagðir af stað með sinn þátt í undirbúningnum. Við sjáum reyndar litlar breytingar á fyrirkomulagi AB mótsins, frá því á Hornafirði, en ýmsar hugmyndir hafa komið upp er varðar CD mótið. Hugmyndir eins og að geta gert hljómsveitum undir sínu nafni kleift að spila, hafa sameiginlegu sveitirnar með styttra prógram og senda nótur út í tíma fyrir mótið. Þar með væri sameiginlega verkefnið nær LÆ dæminu sem enn liggur niðri.</p> <p>Varðandi LÆ Þá sendi stjórnin bréf til framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands og spurðist fyrir um samstarf á víðum grundvelli fyrir starfsárið 2009-2010 Svarið var einfalt. “Nei.” Rókin: Að þeim væri þröngur stakkur búinn með fjármagn og fyrirvarinn væri of skammur. Ekki var einu sinni boðið uppá nánari umræðu eða útfærslu. Meira hefur þessi stjórn ekki gert er varðar LÆ.</p> <p>Útgáfumál og sala útsetninga út fyrir SÍSL hafa aðeins verið rædd. Nokkuð ljóst er að það verður að ganga í þau mál að fullri alvöru og útbúa verðlista sem bæði samböndin eru sátt við og útsetjarar. NOMU hefur einmitt gert fyrirspurn um íslensk lög og útsetningar. Nú þegar er búið að senda inn bréf til STEFs með fyrirspurn um höfundarétt og reglur er varða sölu útfyrir landið, á þeim útsetningum sem þegar hafa verið gerðar og að sjálfsgöðu með komandi útgáfum.</p> <p>Fyrir hönd stjórnar</p> <p>Jóhann Morávek formaður</p>	
2.Endurskoðaðir reikningar	<p>Martin tekur til máls og segir að SÍSL eigi ennþá pening. Í upphafi árs átti SÍSL tæpar 3.2 milljónir og í lok árs á SÍSL 1.8 milljónir. Helsti kostnaður er vegna landsmóts 2.5 milljónir og nótnaútgáfa tæpar milljón.</p> <p>Rætt er um kostnað á landsmótum. Það er algengt að stjórnendur tilkynni of marga til þátttöku, en þá er pantaðar matur, áprentaðir bolir o.fl. fyrir fleiri en þurfa á því að halda. Stefnan er að reyna að taka á þessum málum.</p> <p>Villa segir að það sé kostur að eiga aukaeintök af öllum nótum Martin svarar því að nótnasafnið sé að verða stafrænt svo það þarf ekki að fara í prentsmiðju og prenta þetta út. Jóhann segir ad nótnapakkar séu oft að koma til baka til SÍSL sem er ekki gott mál. Kári segir að oft sé þetta vegna þess að verið sé að skipta um stjórnendur, stjórnir og annað og nýtt fólk viti hreinlega ekki hvað þetta er!</p>	<p>Staðfestingargjöld 30 dögum fyrir mót.</p> <p>Betri kynning á SÍSL</p>
3.Lagabreytingar	<p>Jóhann talar um lög SÍSL en þau þarfnast endurskoðunar. Samkvæmt lögum á alltaf að halda fund á landsmóti, en það er t.d. ekki gert núna.</p>	Taka fyrir á næsta

	Þetta þarf allt að laga.	aðalfundi
4.Stjórnarkosning	Eggert er kosinn inn í stjórnina í stað Martins sem er að hætta. Jóhann nefnir að það eigi helst að vera þriggja manna varastjórn sem er virk. Í núverandi varastjórn eru Lárus og Daði þeir gefa áfram kost á sér. Einar segir að Baldur á Grundarfirði gefi kost á sér. Baldur er ekki til staðar. Karen býður sig einnig fram. Jóhann vill hafa kosningu. Daði nefnir að Baldur sé nýr í samtökunum og eigi að fá að kynnst þeim áður en hann komi í stjórnina, en talað er um að Baldur sé toppmaður fyrir framtíðina! Ákvæðið hefur verið að ganga til kosninga milli Karenar og Baldurs. Atkvæði eru talin. Karen hlaut 10 atkvæði og Baldur 2. Karen er því kosin sem varamaður í stjórn Stjórn er því eftirfarandi: Jóhann Marávek, formaður Eggert Björgvinsson gjaldkeri Einar Jónsson ritari Karen Sturlaugsson varamaður Daði Þór Einarsson varamaður Lárus Grímsson varamaður	
5.Kosning tveggja endurskoðenda	Talað er um endurskoðendur. Kári segir að eitt sinn hafi þau fengið endurskoðanda til þess að fara yfir ársreikninga. Nú hefur Martin fengið skólastjóra tónlistarkóla Stykkishólms til þess að endurskoða reikninga. Jóhann leggur til að lögum verði breytt og endurskoðandi verði fenginn til þess að fara yfir reikninga. Karen talar um að fjármagn hafi aukist verulega undanfarin ár og því sé gott að fá endurskoðanda í málið. Í lögum stendur að 2 skoðunaraðilar skoði, en lagt er til að þessu verði breytt og fagmaður skoði málið. Allir aðilar rétta upp hönd við það að fá fagmann	
6.Ákvörðun félagsgjalds	Félagsgjald var hækkað upp í 10.000. á síðasta ári. Jóhann leggur til að árgjaldið verði það sama. Samþykkt er að halda félagsgjaldi óbreyttu 10.000 kr. á ári.	
7.Kynninga á Tónlistarhátíð Unga Fólksins í Kópavogi	Helgi Jónsson kynnti Tónlistarhátíð unda Fólksins. Óskað eftir að stjórnendur í SÍSL kynni hátíðina fyrir nemendum og kennurum með áherslu á blásarasveita námskeið undir stjórn Einars Jónssonar. Kynningarefni sent með tölvupósti til stjórnenda. Einar segist hafa starfað í Noregi í mörg ár og þar hafi fólkið hans alltaf farið á sumarnámskeið (sommerkurs) og komu mjög “inspirerud” til baka. Einari finnst tónlistarhátíð unga fólksins spennandi kostur til þess að taka við af S/Æ . Helgi dreifir bleðlum. Hann segir að hugmyndin hafi komið frá þremur einstaklingum sem hafa búið í Þýskalandi. Hann nefnir S/Æ og talar um hversu gott starf þar hafi farið fram og það sé miður að hún hafi liðið undir lok. Þessi hátíð er haldin beint eftir verslunarmannahelgi sem er dauður tími hjá nemendum. Helgi Jónsson kynnir tónlistarhátíð unga fólksins. Fólki er almennt mjög ánægt með tónlistarhátíð unga fólksins og allir ætla að kynna þetta fyrir sínu fólki.	
8.Önnur mál	NOMU. Samstarf við Nomu. Nomu er í lægð. Lárus hefur farið á 2 fundi og leggur fram skýrslu. 2 fundir eru haldnir á ári. Sameiginlegur gagnagrunnur þarsem hægt er að nálgast skandinavíska tónlist. Árlega er haldin	

einleikarakeppni á vegum Nomu. Íslensku samtökin hafa ekki sentt keppendur vegan skorts á fjármagni.

Kostir og gallar við að vera með í Nomu eru ræddir. Villa er mjög jákvæð gagnvart Nomu. Það er mikilvægt að vera í samtökum af einhverju tagi. Villa segir að þetta sé að miklu leyti fyrir 18 ára og eldri það sem Nomu bjóða uppá svo sem keppnirnar. **Villu finnst nauðsynlegt að vera í samtökum til þess að geta sótt stjórnendur.** Lárus segir að það kosti 5 milljónir að fá 50 manns hingað í viku til þess að halda fund hér. Jóhann bendir á að þó Nomu sé mikið fyrir eldri krakka getum við nýtt okkur ýmislegt svo sem komast í ferðir ódýrara og sótt okkur stjórnendur o.fl. Lárusm segir að það sé mjög hár standard á keppninni. Síl og Sísl eru í Nomu. Villa segir **að það hafi ekki verið peningar til þess að senda menn tvisvar á ári á fundina.** Það kostar alltaf að vera þátttakandi þarsem maður verður alltaf að mæta á fundina segir Villa. Færeyingar eru dottnir út þarsem þeir hafa ekki séð sér fært að mæta á fundina. Jóhann Björn segir **að það vanti skýra stefnu á því hvað við ætlum að gera í þessum málum. Kári segir að línurnar séu klárar, við mætum á þessa tvo fundi.** Villa segir að Síl borgi 800 DKr á ári í þessi samtök. Jóhann M. er samþykktur því að vera í Nomu en segist vera opin fyrir öðrum samtökum og ekkert sé því til fyrirstöðu að vera í tveimur samtökum. Villa segir að það séu evrópusamtökum og það sé ekkert því til fyrirstöðu að vera í þeim. Hún segir að sé maður í samtökum sé maðu í þeim að heilum hug eða alls ekki. Eggert tekur til máls og vill ekki fara úr Nomu. Hann spyr um gagnagrunninn. Einar Jónsson segir að sé maður þátttakandi í samtökum sé maður það af heilum hug. Honum finnst að maður eigi ekki að vera í of mörgum samtökum þarsem það þarf að vinna í þessu. Einar sér akk í því að byggja sameiginlegan gagnagrunn og koma okkar efni í hann svo við Íslendingar séu sýnilegri út í heimi. Jóhann M segir þessari umræðu lokinni.

SÍL OG SÍSL-SAMEIGINLEG HEIMASÍÐA?

Komið hefur **formleg beiðni frá SÍL varðandi heimasíðu og samnýtingu hennar.** Hugmyndin er að þegar fólk utan úr heimi fer á heimasíðu getur það valið á forsíðunni hvort maður lendi á SÍL eða SÍSL. Lárus segir að það myndi henta SIL ákaflega vel að vera með í heimasíðunni. Einar segir að það sé gott að það sé einn staður þarsem t.d. tónleikar eru auglýstir svo að atburðir rekist ekki á. Einar segir einnig að það sé vænlegt að allar nótur og listar séu á einum stað. Þetta þarf að útfæra almennilega með tilliti til rétthafa verka og útsetjara. Daði segir að það sé ekkert því til fyrirstöðu að hafa þetta sameiginlegt. Villa segist hafa spurt Malcolms sem hannaði síðuna hvort hægt væri að hafa tvöfald aðgengi. Malcolms segir að það sé ekkert mál. Einar spyr hvort það sé ekki eðlilegt að SIL borgi fyrir þær nótur sem SISL lætur gera. Greitt verða atkvæði um það hvort að heimasíðan geti verið sameiginleg. **Það er í höndum stjórnar að sjá um útfærslu á þessu öllu saman.** Gengi er til atkvæðagreiðslu. Kári spyr hvort það séu einhverjar reglur eða lög um það hvort aðrir megi nýta sér útsetningu sem SISL gerir. Einar segir að þegar útsetning sé pöntuð sé það innan ákveðins ramma. Fyrir hvern það er o.s.frv. Það liggur fyrir bréf hjá STEF um málið. Villa er búin að garfa í málinu og hún segir að það séu engin skýr lög fyrir útsetjara sem réttindahafa. Jóhann M. Telur mikilvægt að fá allar staðreyndir um málið. Kári, Daði og Jóhann M. eru sammála um að STEF sé með allar klær úti varðandi stefgjöld.

Allir eru sammála um að SIL megi vera með í heimasíðu SISL

NÓTNAÚTGÁFA SÍSL

Daði segist **sakna þess að eiga ekki allar nótur í frumriti útprentaðar o.s.frv.** Hann saknar þess að fá ekki útsetningar Össurar Geisssonar. Við erum alltaf að finna upp hjólið segir Daði. Hann vill eiga frumrit af öllu

	<p>en geta nálgast aukaeintök á pdf ef eitthvað týnist. Martin fær orðið og segir að SISL séu ekki hættir að framleiða nótur, heldur hafi orðið smá niðurskurður á þessu núna. Einar segir að það sé lítið mál að búa sjálfur til originala með því að kaupa ákveðinn lit af pappír og búa til sín eigin frumrit. Partitur liggur ekki á heimasíðunni segir Martin. Jóhann segir að það verði talað við Össa varðandi útsetningar. Það eru margir stjórnendur að útsetja segir Jóhann M. Og oft séu þær mjög góðar. Jóhanni finnst jákvætt að það sé alltaf eitthvað nýtt á landsmótum. Daði segist hafa keypt heilmikið af flexi útsetningum frá Holger Beck í Danmörku m.a. Kim Larsen lög og Bítlalög, en hann er hrifinn af þessum útsetningum.</p> <p>HEIMASÍÐA OG ÁRSKÝRSLUR Einar fær orðið varðandi heimasíðuna:</p> <p>Hann er jákvæður varðandi viðbrögð fyrir heimasíðu og hvetur fólk til þess að halda áfram að nota hana. Hann hvetur fólk til þess að skrifa einhverjar fréttir og myndir inná síðuna. Hann vill að við séum mikið saman í þessu öllu saman. Hann biður þá sem eru með aðstoðarstjórnendur að fá netföngin hjá þeim svo allir fái upplýsingar um heimasíðuna. Hann talar um að ef einhverjir skipta um netföng að láta vita. Einnig vill hann fá tillögur um umbætur.</p> <p>Hann minnir á orð Birgis Sveinssonar að skila inn ársskýrslum um starfið svo hægt sé að setja þær á heimasíðuna. Jóhann M. Spyr hvort það kunni allir á heimasíðuna. Einar segir að hægt sé að senda fyrirspurnir á vefstjóra. Kári spyr hvort það sé ekki sniðugt að hafa skiladag á skýrslum. Daði segir að það sé gríðarlega mikilvægt að gera annál og skýrslu það virkar mjög vel útávið. Það er sterkt vopn til fræðslufirvalda.</p> <p>Jóhann Björn leggur til að félagaskrá verði gerð. Kári segir að það sé stórmál að halda svona löguðu til haga en Jóhann Björn segir að þetta sé ekkert mál. Jóhann M. Segir að það sé ekki allt vont við þetta. Lúðrasveitarsamtök á Íslandi væru sterkari ef það væri félagaskrá. Villa segir að Nomus hafi boðið okkur að vera með í hljóðfæratryggingu en það byggist á fjölda nafna og kennitalna. Villa segir einnig að það sé engin saga um hennar sveit til en engu hafi verið haldið til haga. Jóhann M. hvetur fólk til þess að halda skýrslur, þetta vill gleymast en það þarf bara að minna fólk á þetta.</p>	
9.Landsmót 2009	<p>Landsmótið verður í Vestmannaeyjum 9-11 október 2009. Jóhann M. nefnir að þetta verði allt mikið skipulagsmál þar sem farið verður með bát. Jóhann hvetur fólk til þess að vera snögg að taka ákvörðun um hvort þau ætli að vera með. Nótnaskipulag verður með svipuðu móti og á Hornafirði. Villa segist ekki hafa neinar áhyggjur af Vestmannaeyjamótinu og Einar tekur undir það. Fólk hefur meiri áhyggjur af c-d mótinu. Margt hefur komið upp varðandi c-d mót en Jóhann M. hvetur fólk til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Villa lýsir áhyggjum sínum yfir því að eldri krakkarnir hafi ekki mikinn áhuga á því að fara á mót í Mosfellsbæ. Jóhann M. vill að allir hjálpist að við það að gera mótið í Mosfellsbæ gott mót. Lárus nefnir að það verði eitthvað spennandi að vera í gangi um kvöldið sem trekkir að. Jóhann M. segir að samtökin eigi ekki að safna peningum heldur nota peningana í að gera eitthvað skemmtilegt fyrir krakkana.</p> <p>Herjólfur fer til Vestmannaeyja 12.30, þá erum við komin 15.20 uppá bryggju. Þetta er æskilegasta ferðin á landsmótið. Skipið tekur 530 manns. Seinni ferð fer kl. 19.00 úr Þorlákshöfn en þá er maður kominn kl. 23.00 til Eyja. Það er ekki eins æskilegt. Menningarmálafulltrúinn er að garfa í því að ákveða hvar eigi að setja aukaferð. Það er ókeypis í Herjólf til 12 ára aldurs. Annars kostar 2100 óheflað aðra leið fyrir fullorðinn. 12-16 ára er</p>	

	<p>eitthvað lægra verð ca. 800 kr. Einar tekur við fundarritun af Snorra Heimissyni</p> <p>Farangur þarf að vera mjög vel merktur. T.d farangur gulrar sveitar fari í gula gáminn o.sv frv Skipuleggja gistaðstöðuna mjög vel. Guli gámurinn yrði sendur á réttan gulan stað o.sv frv.</p> <p>Eggert þakkar fyrir sig. Fundurinn samþykkir að ½ mótsgjald verði greitt 30 dögum fyrirfram. Gjald fyrir Herjólf innifalið í mótsgjaldi. Fararstjórar borga fyrir sig fullt gjald. Hagstæðast að SÍSL panti Herjólf í heild sinni. Kári segir etv betra ef hver og einn panti fyrir sig í Herjólf. Eggert segir: bæjarstjórn pantar aukaferð fyrir Herjólf. Þarf að panta fargjald í Herjólf innifalið í mótsgjald. Sumir greiða barnagjald, fullt, sumir ekkert.</p>	
--	--	--

Fundi slitið um hádegisbil.

(Sign)Einar Jónsson, ritari

Fundur settur 10.40, fundi slitið 11.03

Martin fer í lok júní

Fá varamann í stjórn strax

Kjósa 4.varamann

Skotferð til Vestmannaeyjar, erfitt fyrir Jóa.

Formlegt boð á aðalfund

Formlegt boð á landsmót

Cd MÓT langar að spila “sjálfar”

Spila á kvöldin, margir tónleikar í einu á æfingastöðunum

Búið að vinna partana áður en komið er á mótssstað, meiri tími til annars.

Ekki maraþon tónleika, ekki maraþon æfingar heldur. Dreifa tónleikum á mismunandi daga.

AB

CD stjórnendur ákveða fyrir sumarfrí og efnisskrá.

Vantar skriflegar staðfestingar

Einar finna sal 10.00 kaffi og spjall

10.30-13.00 fundur

Sala útsetninga út fyrir samtökin, fyrirkomulag.



24.8.2009

FUNDARGERD-ÓFORMLEGUR VINNUFUNDUR

Unnið í lausum endum fyrir Landsmót 2009 í Vestmannaeyjum.

Símafundur 24.8.2009 kl.20.00. Mættir: Jóhann Moravék, Eggert Björgvinsson, Einar Jónsson

1.Sund	Íþróttta og tómstundaráð Vestmannaeyja sá sér ekki fært að styrkja SÍSL um ókeypis sund. Eggert semur um hópagjald.	Eggert ath.
2.Morgunmatur	Kostnaðaráætlun foreldrafélagsins vegna morgunmatarins u.þ.b. að koma í ljós.	Bíðum svars
3.Styrkumsóknir vegna húsnæðir	Eggert hefur sótt um 300 þús króna styrk til bæjarins vegna húsnæðis sem ekki er í eigu bæjarins, þ.e. Betel-húsið og Höllin.	Bíðum svars
4.Skemmtiatriði laugardagskvöld	Villi/Sveppi hafa ekki gefið endanlegt svar. Talað um að þeir komi í flugi, verði í gistiheimili, skemmtun 25-40 mín kostar ca.200 þús. Eggert talar við pöbbaþjórann Björgvin um að bjóða þeim að troða upp á pöbbum á laugardagskvöld til að deila gisti/ferðakostnaði.	Bíðum svars. Eggert ath.Björgvin
5. Hönnun á bol	Eggert talar við Sigmund um að hanna mynd á bolinn. Talað um Lunda með básúnu.	Eggert
6. Drum-line	Þorvaldur drum-line hefur verið beðinn um að stjórna hópi. Ákveðið að greiða honum fyrir biðji hann um það.	Jóhann
7. Barmmerki/medalía	Enn á eftir að athuga með armbönd og medalíur. Tala við Karen. E.t.v nota barmmerki í stað medalíu.	Jóhann
8.Þjóðhátíðarsjóður	Umsóknarfrestur til að sækja styrk í Þjóðhátíðarsjóð rennur út föstudaginn 28.ágúst. Þarf að gera það innan tímamarka og sækja um styrk til að gefa út þekkt þjóðhátíðarlag.	Egger/Jóhann fyrir fös.

9.Senda út nótur sem fyrst	Nótnaútgáfa vegna landsmót er í farvegi. Það hefur verið talað við alla útsetjara og það er í lagi. Koma út nótum sem fyrst. Það verður prentuð og gormuð raddskrá en partar á heimasíðu.	Stjórn
10. Batsferðin etv. ekki bátsferð	Erfitt reynist að fá svör um kostnað vegna bátsferðar og hvor yfir höfuð sé hægt að fá bátsferð. Þrýsta á báta/rútumanninn. Björgunarfélagið getur hugsanlega komið okkur til bjargar með "lóðsinum" sem tekur 70 manns.	Eggert
11. Spranga	Björgunarfélagið getur hugsanlega líka kennt "Spröngu"	Eggert
12. Mótsblað	Mótsblaðið verður gefið út af foreldrafélaginu í Eyjum. Þanta ávarp frá Menntamálaráðherra.	Eggert

Fundi slitið 21.30 (sign) Einar Jónsson, ritari



30. desember 2008

FUNDARGERÐ

Símafundur. Mættir: Jóhann Moravék formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri, Einar Jónsson ritari

<p>1.Landsmót- Nótur einleikarar</p>	<p>Nótur af verkum fyrir hljómsveit og einleikara eru í farvegi. -Dúett f. Lúðrasveit túbu & básúna e. James D. Meador tilbúið 8.jan 2010 á pdf. -Einleikur básúna Morceau Symphonique op.88 e. Alexander Guilmant fáum við að öllum líkindum hjá LV. Beiðni hefur verið send til LV. -Einleikur f. Túbu 3 miniatures e. Anthony Plog er í pöntun frá Ed.BIM -Einleikur f. Túbu Gabriel's Oboe e. Enrico Morricone er í pontoon frá Badsvik Music Shop</p>	<p>Einar ath. Einar ath. Jóhann ath. Jóhann ath.</p>
<p>2. Landsmót- Nýjar útsetningar</p>	<p>Össur er með Stuðmannasýrpu tilbúna 4.janúar 2010. Stefán Ómar svarar fyrir áramót um bigband úts. Fyrir lúðrasveit. Ath Lárus Grímsson og Einar Jónsson</p>	<p>Jóhann ath.</p>
<p>3. Landsmót- Drumline</p>	<p>Jón Björgvinsson jákvæður að sjá um Drumline og ætlar að tala aftur við Þorvald.</p>	<p>Eggert ath.</p>
<p>4. Landsmót- Fundur með Daða</p>	<p>Boða fund með Daða í Mosfellsbæ þar sem mótið verður haldið þriðjudaginn 5.janúar 2010</p>	<p>Jóhann ath.</p>
<p>5. Landsmót- Stjórnendur</p>	<p>Illa hefur gengið á stjórnendur frá Noregi til að sjá um námskeið fyrir íslenska stjórnendur og stjórna sveitum á landsmóti vegna árekstra við Norges Mesterskap. Amerískir stjórnendur í athugun. Athuga íslenska: Kjartan Óskarsson, Berharð Wilkinson ofl.</p>	<p>Jóhann-Kári ath. Jóhann ath.</p>
<p>6. Nótnefnd SÍSL</p>	<p>Einar bendir á að SÍSL ætti að hafa nótnefnd á sínum snærum. Leggur til að slík nefnd verði lögð fyrir næsta aðalfund til stofnunar og val á meðlimum. Hlutverk slíkrar nefndar er m.a. eftirfarandi: -dreifa verkum milli stjórnenda í samtökunum af stjórn -hafa umsjón með vali og pöntunum á útsetningum til útgáfu. -sjá um tillögur um staðlað útlit og "layout" á útsetningum, -Sjá um prófakalestur áður en gefið er út. -Gera tillögur um það sem betur má fara við</p>	<p>Einar ath.</p>

	<p>útsetningar á íslensku efni fyrir lúðrasveitir.</p> <p>-Halda utan um pdf-nóturnar á heimasíðunni og finna gamlar útsetningar og fá þær þangað.</p>	
7. Samantektir um aðgerðir	<p>Eggert bendir á að stjórnir SÍSL sé mikið að “finna upp hjólið”. Mjög sé ábótavant í starfinu að skrifa niður minnislista ýmiskonar, einskonar aðgerðalista fyrir stjórnir OG næstu stjórnir til að læra af.</p>	Eggert ath.

Sign. Einar Jónsson

30. desember 2008

FUNDARGERÐ

Símafundur. Mættir: Jóhann Moravék formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri, Einar Jónsson ritari

1.Landsmót- Nótur af verkum fyrir hljómsveit og einleikara eru í farvegi.
-Dúett f. Lúðrasveit túbu & básúnu e. James D.
Nótur einleikarar

	<p>útsetningar á íslensku efni fyrir lúðrasveitir.</p> <p>-Halda utan um pdf-nóturnar á heimasíðunni og finna gamlar útsetningar og fá þær þangað.</p>	
7. Samantektir um aðgerðir	<p>Eggert bendir á að stjórnir SÍSL sé mikið að “finna upp hjólið”. Mjög sé ábótavant í starfinu að skrifa niður minnislista ýmiskonar, einskonar aðgerðalista fyrir stjórnir OG næstu stjórnir til að læra af.</p>	Eggert ath.

Sign. Einar Jónsson